

Jean Sibelius var á miðjum fertugsaldri og löngu búinn að sanna sig sem efnilegasta tónskáld Finna þegar hann samdi lögini tvö sem við flytjum í kvöld. Hann spratt fram á sjónarsviðið með sagnabálkinum Kullervo (1891) sem var djörf og að mörgu leyti vel heppnuð tilraun hjá hinu 25 ára gamla tónskáldi til að sameina evrópuhefðina og eigin þjóðararf. Tíu árum síðar var Sibelius orðinn sannkallaður meistari tónanna. *Flickan kom ifrån sin älsklings möte* er dramatísk og ástríðuþrungin frásögn af stúlku sem svikin er í tryggðum, en undir blíðu yfirborðinu í *Såf, såf, susa* hvílir djúpur tregi.

Þjóðlagaútsetningar **Hildigunnar Rúnarsdóttur** voru gerðar árið 2000 að beiðni Ríkisútvarpsins í tengslum við þætti Unu Margrétar Jónsdóttur um ævi og störf sr. Bjarna Þorsteinssonar. Valin voru 30 lög sem áttu það sameiginlegt að vera lítið þekkt og þau útsett á máta sem í einfaldleika sínum minnir á þjóðlagaútsetningar Ferdinands Rauter.

Lagið *Þá Ísraels lýður* er prentað í þjóðlagasafni sr. Bjarna eftir söng Jörunnar Magnúsdóttur Waage (1824–1923) á Hraunum í Fljótum. Kvaðst hún hafa lært lagið í æsku sinni á Suðurlandi. Kvaðið er eftir Hallgrím Pétursson og er 37 erindi, og byggir á frásögninni af Balaam í fjórðu Mósebók, 23-24. kapitula. Hér flytjum við fyrstu þrjú erindin.

Sálmurinn *Þá Jesús til Jerúsalem* birtist fyrst í Sálmabókinni 1589 og er alls sjö erindi. Hann er þýðing á þýskum sálmi *Als Christus gen Jerusalem*. Lagið sem hér er sungið er prentað í Sálmabókinni 1589 og í öllum útgáfum grallarans (til söngs á Pálmisunnudag).

Í *Babylon við vötnin ströng* er þýðing sr. Jóns Þorsteinssonar píslarvotts í Vestmannaeyjum (f. 1570; veginn í Tyrkjarárinu 1627) á 137. Davíðssálmi. Lagið ritaði sr. Einar Pálsson upp árið 1903 eftir söng Sigurveigar Árnadóttur í Lundi í Fnjóskadal (f. 1828). Er það þýskt að uppruna og birtist fyrst í sálmabókum þar á öndverðri 16. öld við textann *An Wasserflüssen Babylon*.

Hjálmar H. Ragnarsson og Njörður P. Njarðvík sömdu *Emblu* árið 1990 og tileinkuðu Vigdís Finnbogadóttur á sextugsafmæli hennar 15. apríl 1990. Ljóðið birtist síðar í bók Njarðar, *Leitin að fjarskanum*, en lagið hefur ekki svo vitað sé heyrst síðan það var fyrst flutt á hátíðarsamkomu í tilefni af afmæli Vigdísar.

Hjálmar H. Ragnarsson segir svo um *Ástarljóð mitt*: „Það var af nokkurri hendingu að ég kynntist þýðingum Hannesar Péturssonar á ljóðum Else Lasker-Schüler (1869–1945). Útgáfa þeirra undir samheitinu Mánaturninn fór frekar lágt og ekki mikið um þær fjallað. Strax við fyrstu kynni varð mér ljóst að þetta voru snilldartextar og ljóðin, full af munúð, angist og þrá, hittu mig beint fyrir. Skáldið talar tæpitungulaust, ávarpar þig beint, en þó alltaf á skáldkaparmáli sem upphefur andann yfir hið persónubundna. Tónlistin speglar sig í myndmáli ljóðsins og hún tekur allt sitt form og snið af því. - Ekki að ástæðulausu er lagið gjöf til Ásu konu minnar á júlum 1991.“

Í maí 1895 kom út bókin *Haugtussa*, flokkur 70 ljóða eftir nýnorska skáldið Arne Garborg. **Edvard Grieg** varð sér strax úti um bókina og hreifst svo af þeim að hann hófst strax handa við að semja við þau lög. 14. júní hafði hann samið tólf lög og skömmu síðar urðu til tvö í viðbót. Þegar lagaflokkurinn kom út 1898 hafði Grieg hins vegar skorið hann niður um sex lög, svo átta voru eftir eins og hann gekk frá verkinu. Það er auðheyrt hvers vegna Grieg taldi lögini vera sín allra bestu. Þau eru fjölbreytt og grípandi, og smastúlkan *Veslemøy* er hrífandi söguhetja þótt hennar bíði dapurleg örlög. Fyrstu þrjú lögini kynna hana til sögunnar: hún er bæði sveimhugi og hörkutól, náttúrubarn sem getur svarað fyrir sig sjálf. En hún er líka ástfangin, og næstu þrjú lögini segja frá ástarævintýri hennar með stráknum frá Skare-Brôte. Þegar kætin er mest ríður áfallið yfir: hann svíkur hana og í örvæntingu sinni leggst hún til svefns í læknum - örlög sem fram til þessa höfðu aðeins verið á færi karlkyns ljóðasöngvara, sbr. *Die schöne Müllerin*. Enda hefði *Veslemøy* sómt sér vel í kvenfrelsisbaráttu 20. aldar, ólíkt stallsystur hennar í öðrum frægasta kven-lagaflokki rómantíska tímans, *Frauenliebe und Leben* eftir Robert Schumann.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Hallveig Rúnarsdóttir
sópransöngkona

Árni Heimir Ingólfsson
píanóleikari

NETÚTGÁFA



Efnisskrá

Hallveig Rúnarsdóttir hóf söngnám hjá Sigurði Demetz árið 1991. Hún lauk áttunda stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon árið 1998. Það sama ár hóf hún nám hjá Theresu E. Goble við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan með láði sumarið 2001.

Hallveig söng hlutverk Fiordiligi í óperunni *Così fan Tutte* eftir Mozart hjá Óperustúdíói Austurlands sumarið 2002. Hún hefur víða komið fram sem einsöngvari, sérstaklega í flutningi nýrrar tónlistar, og hefur frumflutt mörg ný íslensk verk, t.d. á Listahátíð í Reykjavík og á Sumartónleikum í Skálholti sem einnig hafa verið hljóðrituð fyrir útvarp. Hallveig söng lengi með Hamrahlíðarkórnum og Hljómeyki og var valin til að syngja með heimskór Æskufólks (World Youth Choir) sumrin 1992 og 93. Hallveig hélt sína fyrstu opinberu tónleika eftir nám síðastliðinn vetur í tónlistarhúsinu Ými í Reykjavík.

Árni Heimir Ingólfsson hóf píanónám í Tónmenntaskóla Reykjavíkur hjá Erlu Stefánsdóttur og hélt áfram námi í Tónlistarskólanum í Reykjavík þar sem Jónas Ingimundarson var kennari hans. Árin 1993–97 stundaði hann framhaldsnám hjá Lydiu Frumkin við Oberlin Conservatory of Music, og lauk þaðan B. Mus. prófi í píanóleik og tónlistarsögu. Hann hóf nám í tónvísindum við Harvard háskóla haustið 1997 og lauk þaðan M.A. prófi haustið 1999 og doktorsprófi vorið 2003. Árni Heimir hefur sótt námskeið í píanóleik í Bandaríkjunum, Rússlandi, Hollandi og Sviss og hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum í Evrópu og í Bandaríkjunum. Hann er kennari í tónlistarfræðum við Listaháskóla Íslands.

Jean Sibelius
1865–1957

Flickan kom ifrån sin älsklings möte (1901)
Säf, säf, susa (1900)

Hildigunnur Rúnarsdóttir
f. 1964

Drjú íslensk þjóðlög (úts. 2000)
Þá Ísraels lýður
Þá Jesús til Jerúsalem
Í Babýlon við vötnin ströng

Hjálmar H. Ragnarsson
f. 1952

Embla (1990)
Ástarljóð mitt (1991)

Edvard Grieg
1843–1907

Haugtussa, op. 67 (1895)
Det syng
Veslemøy
Blåbær-Li
Møte
Elsk
Killingdans
Vond dag
Ved Gjætle-Bekken